



ARNARHREIÐRIÐ

(1912)

I.

Óviða getur verið skemmtilegra að ferðast á Íslandi en um Snæfellsnes, þar sem jökullinn gnæfir utarlega, fagur fjarsýndum, en verri návistar. Steypast ískaldir loftfossarnir ýmsa vega af skallanum niður, svo að vindur getur í senn staðið bæði af suðri og norðri þar í sveitum. Utar en jökullinn eru Lóndrangar, og enn utar verður hafaldan líklega enn þá vöxtulegri en annars staðar við stórsjóastrendur Íslands, og þarf ekki að sitja jötunn á dranginum og dýfa fótum í brimið, eins og mannum sýndist forðum, til þess að ærið sé þarna útgarðalegt um að litast. Og norðan við nesið er Breiðifjörður, sem syngur svo þungan undir í Vesturlandssögunum, og gleypt hefir suma ágæta frændur vora, eins og Þorstein Surt hinn spaka, Porkel Eyjólfsson, og löngu síðar Eggert Ólafsson. Og að norðanverðu þykir mér nesið fróðlegast og umferðarverðast, enda svipmest. Þar er, eins og allir vita, Kerling, sem er alls ekki ólik því, sem þar hefði tröllkerling orðið að steini; og einhvers staðar í fellunum austar horfir jötunvaxinn valur úr berghlíð ofan yfir sveitirnar; er valurinn raunar í berginu upp að hálsi, og sjálfur berg; en vel gæti þetta fyrir vaxtar sakir verið einhver af hinum fornu landvættum, sem orðið hefði að steini af skelfingu yfir að sjá, hvernig voru svívirtir og kúgaðir þeir, sem ekki voru sízt ættgöfugir af Íslendingum, og fremur öðrum niðjar Guðrúnar

Ósvífursdóttur og Breiðfirðinga, sem eins og kunnugt er töldu kyn sitt til guðanna sjálfra. Það er eins og hönd djöfulsins hafi legið þungar á Snæfellsnesi en öðrum stöðum á landinu, og þjakað meir en eldgos, jarðskjálftar og hafísar, sem margar aðrar ar sveitir fengu meir að kenna á. Kúgunarmerkin, sem raunar alls staðar eru glögg á þessari þjóð, eru hvergi gleggri og skelfilegri, þegar þess er gætt, hvers konar fólk það var, sem þenna „útskaga áður of byggði“. Þetta er eitt af því, sem spillir ánægju ferðamannsins á Snæfellsnesi, ekki sízt þess, sem farinn er nokkuð að skilja, hvað búið hefir í þessari þjóð, og hvílíkur barna- og atgjörvis-krypplinga-kirkjugarður þetta land er.

II.

Og þó hefi ég lifað sumar mínar mestu gleðistundir á Snæfellsnesi, eins og kvöldið þegar við riðum ofan af Tröllhálsi, og allt illt var gleymt, liðið og í vændum, og ekkert var til nema einhver ósegjanlega friðsæl ró, og kvöldlognið og álfirnar svo fagrar á firðinum, spegilsléttum við skuggaleg fjöllin.

Og þar hefi ég fundið gleði vísindamannsins, þegar birtir fyrir augum og leiðir opnast að nýjum skilningi og viðari en áður var til. Eins og þegar ég hafði verið á gangi um fjallið fyrir ofan Mávahlið, og undir kvöld hugkvæmdist að fara niður á Búlandshöfðagötuna, en ekki sömu leið og ég hafði komið. Og er ég geng niður með gili fyrir ofan brúnina þar upp af götunni, sé ég eitthvað hvítt í brekkunni hinum megin, sem mér sýndist vera skeljar, og ætlaði ég þó varla að trúa mínum eigin augum, því að þetta var nálægt 600 fetum yfir sjó. En skeljar voru það, íshafs skeljar; þarna var einmitt það, sem þurfti, til að taka af öll tvímæli um sumar þær athuganir, sem hefja nýtt tímabil í rannsóknarsögu Íslands, og hafa annars ekki til fulls verið uppgötvaðar af vísindamönnum enn þá. Því að eins og hinn mikli náttúruspekingur, Lamarck, fann svo glöggt, og hefir komið svo vel orðum að, þá er ekki nóg sannleikanum til sigurs, að uppgötvanir séu gerðar, eftir er sá erfiðleiki, að einhverjir nógu vitrir og ráðvandir gerist til að uppgötva, að uppgötvanir hafi verið gerðar.

III.

Þegar ég hafði áttað mig nokkuð á Búlandshöfða og fundið þessa sjávarmyndun líka vestan í Mávahlíðarfjalli, varð mér talsverður hugur á að vita, hvort hún væri ekki líka í Kirkjufelli. Kirkjufell er talsvert austar á nesinu en Búlandshöfði, og eins og nafnið bendir til, minnir það á kirkju eða turn, sem ris kringum 1550 fet upp frá sjó. Tvisvar leitaði ég í Kirkjufelli án þess að finna; en í þriðja skiptið fann ég skeljar, en þó lítið; skeljarnar hafa þar ekki varðveitzt eins vel og í Búlandshöfða; summar hafa umbreyzt svo, að erfitt er að sjá að þar séu skeljaleifar, en mjög margar sennilega horfið með öllu. Ofan á hinni fornu sjávarmyndun liggja hér um bil 1000 fet af grjóti, og þessi 1000 feta grjótlög, sem eins og allt fjallið eru nokkurs konar skjalasafn til jarðsögu Íslands, þurfti ég að skoða, og ef vel væri, að komast upp á fjallið. Í fyrsta skiptið, sem ég reyndi, var svo hvasst, að það leifði ekki mjög mikið af því, að ég fylki ekki, og sneri ég aftur bæði af því, og þó raunar nokkuð af öðrum ástæðum líka. Í annað skiptið komst ég hátt í fjallið, en þá setti yfir þoku svo dimma, að ekki stoðaði að halda lengra. Í þriðja skiptið gaf mér alveg upp, og í þeirri ferð var það, sem ég kynntist svoltið örnumnum í Kirkjufelli og bústað þeirra.

IV.

Það er greinilegra í Kirkjufelli en víða annars staðar, hvernig fjallið er hlaðið upp af mörgum jarðlögum; eru flest lögin úr blágrýti, en á milli þeirra sandlög, leirlag með skeljum í, leirlög með rispuðum og fægðum steinum í; hafa öll þau lög áður verið laus í sér, en eru nú orðin að einni steypu. Fjallið er allt með hamrabeltum, og ber þar mest á blágrýtinu, eða grágrýtinu, sem sumt af því er réttar nefnt; en í hillunum á milli, sem hallar oftast mikið, ber mest á malar-, sand- og leirgrýtinu. Lengi vel eru litlir örðugleikar á að komast upp fjallið; það er gengið eftir þessum hallandi hillum, sem milli hamrabeltanna eru, þangað til gott stigi verður fyrir; ég hafði farið langt vestur á við í fjallinu, er ég var að skoða bergið, og þyrftu líklega ekki að hafa orðið á leið minni svo mjóar og brattar hillur, að mér

þætti háskasamlegt að fara eftir þeim. En þegar ég var kominn eitthvað 1300 fet upp, varð fyrir mér þykkra blágrýtislag en þau höfðu verið flest eða öll áður, og leitaði ég lengi fyrir mér, svo að mér virtist ókleift; fór ég þá fram hjá þeim stað, þar sem ég komst ofan þetta klettabelti á niðurleið, og mun þar mega komast upp fremur en þar sem ég fór. En ég hafði nokkrum árum áður þótzt mjög heima í milli á líkum stað í öðru fjalli, og því hætti ég ekki síður til þarna. Það er ekki margra þumlunga munur um handfestu eða fófestu, sem gerir hvort fært er að klifrast eða ekki. Loksins komst ég upp hamrana þessa suð-austan á fjallinu, og er þó fjallið þar niður undan brattara en annars staðar, með öllu ókleift, og jafnvel á sumrum er þar stundum grjótflug; og svo var þenna dag, sem ég gekk þarna upp; hrundu ég veit ekki hvað mörg hundruð pund af grjóti þar niður yfir, sem ég hafði lengi verið að leita að skeljum daginn áður; þarf víst að vera Færeyingur eða Vestmannaeyingur til að þykja þarna ekki í meira lagi óvistlegt. Ég komst upp á þann hátt, að ég stakk hægri handlegg inn í glufu í berginu og gat með því að ýta við með lófa og olnboga lyft mér það upp, að ég náði góðu haldi með vinstri hendi. En það sá ég, að talsvert meiri klettamann en ég er, þarf til þess að komast ofan aftur í þessum stað. Þarna fyrir ofan varð aftur greiðara upp-göngu, og hitti ég fyrir eitt af þessum lögum, sem ég veit að menn munu afsaka að mér þykja svo falleg; þau líkjast annars talsvert steinsteypu, geta verið afarhörð og eru jöklamyndanir fornar mjög; enginn hefir átt að sig á þessari bergmyndun fyrr en ég gerði það, og eiga þau lög eftir að verða miklu frægri en þau eru nú. Ofar var aftur blágrýti, og efst í fjallinu þykkt blágrýtislag, sem verður af eins og sérstakur stöpull syðst á fjallinu, en er þó raunar mjó spöng eða haft, sem tengir hann við aðalfjallið. Upp á þenna stöpul varð ég að komast, og var hann aftur erfiðari en verið hafði um hríð. Efst á stöplinum var arnarhreiður, og sat þar örн, sem ég komst ekki hjá að heimsækja, en foreldrar hans voru að hringsóla uppi yfir mér og gullu ámátlega, hræddust auðsjáanlega að Erlingi þeirra kynni að standa háski af mér; en ég var aftur að hugsa um það stundum, hvað það gæti orðið óskemmtilegt, ef ernirnir sæu, hvað auðvelt þeim væri að sópa mér burt af klettinum, sem ég var að

klifrast upp eftir. Ég er ekki viss um, að verkfæralaust yrði komist upp á þenna stöpul, ef ekki hefði arnarhreiðrið verið þar, en niður undan hreiðrinu voru tór af mjög öflugu blágrænu grasi, sem var mesta furða að sjá spretta þarna á gnípunni, að heita mátti út úr bergeninu, og mátti hafa sig upp með því að taka í grastórnar. Loks var ég kominn svo nálægt hreiðrinu, að við horfðumst í augu, örnninn og ég, og fór hann þá af hreiðinu og yfir á þessa spöng, eða þetta eiði, sem ég gat um áðan; var hreiðrið raunar ekki annað en grunn skál, alveg skjól-laust, enginn umbúnaður; og svona harðger þyrfti helzt að vera, eins og Ari er, til að njóta til fulls fegurðarinnar á Íslandi. Hjá hreiðrinu lágu ræflar af sjófuglum og einn kindarhaus, hyrndur. Ég vildi nú komast yfir á aðalfjallið, en örnninn ungi var því til fyrirstöðu; hótæði ég honum öllu illu, ef hann færí ekki, en hann glennti aftur ginið á móti mér og var hinn illuðlegasti að sjá. Ég hafði nú að vísu hamar með mér, sem mér hafði legið við að kasta burt á leiðinni upp, því að hann fór illa í vasa, en ég þurfti oft að nota báðar hendur; en bæði var, að hamarinn hefði ekki komið aftur, eins og hamar Þórs, hefði ég kastað honum, og svo gaf ég ekkert um að vinna Erlingi mein, vildi aðeins ekki að hann væri mér til farartálma. Þegar annað hreif ekki af því, sem fyrir hendi var, setti ég loks á hann kindarhausinn, og þá breiddi hann út vængina og flaug burt og settist á klett neðar í fjallinu. En mér létti nú heldur en ekki og gekk ég hiklaust eftir eiðinu og yfir á aðalfjallið.

Þarna uppi á fjallinu var ég staddur nærrí því eins og á turnþaki; var veður hið fegursta og skemmtilegt umhorfs, en þó spillti dálitið áhyggja af því, hvernig gengi að komast ofan aftur, bæði niður frá hreiðrinu, og þó enn þá fremur niður hamrabeltið, sem áður er getið um, því að þar hafði mér sézt yfir stað, sem ég gat farið niður. Ég horfði yfir Breiðafjörð, yfir í ljósblá fjöllin hinum megin fjarðar, en þó miklu meira yfir Snæfellsnesið, og reyndi að átta mig betur á þessu landi, sem ég hafði verið að rannsaka dálitið undanfarið. Gengur mér hvergi eins greiðlega að hugsa eins og á fjöllum uppi, sé annars veðrið nógu gott, og hefir mér oft þótt skaði mikill, hvað lang-sótt er að komast upp á fjöllin, og að geta ekki átt heima við fjall eða á fjalli.

Ég leit yfir á Stöðina, skemmtilegt smáfjall, sem hefir aðeins hálfa hæð við Kirkjufell, eða varla það, og er þar skeljalag í og fornar jöklamyndanir, eins og í Búlandshöfða; hefir þetta allt verið samfast áður, eins og þeir vissu þegar Eggert og Bjarni, þó að ekki hafi landið rifnað sundur á þann hátt, sem þeir héldu; og eru þó að vísu afar fornar jarðskjálfaspungar þar í fjöllum; leir og steinar undan jöklunum hefir pressað niður í þær sumar og harðnað þar. Ég horfði upp í Helgrindur, forn eldfjall, hálfrunið og sundurgrafið af jöklum og vatni. Eru þess háttar eldfjöll frá ísöldum á Íslandi hundruðum saman, þó að enginn hafi átt að sig á því fyrr en ég, og er þar margt fróðlegt, en mun einhvern tíma þykja undarlegt, að jarðfræðingar, sem hér hafa fengið við rannsóknir, skuli ekki hafa þekkt, hvers konar fjöll þetta eru. Menn trúua því aldrei á eftir, hvað erfitt er að færa út svið þekkingarinnar, hvar sem er. Það er eins og togað sé í mann af hinum, sem ekki sáu, þó að þeir væru sjáandi, og eigi einungis af þeim, heldur af öllum þeirra andlegu frændum. Eyðast svo mestir kraftarnir í að slíta sig fram úr ýmis konar misskilnings- og heimskuflækjum, og beztu höfuð hafa moldu hulizt, án þess að hafa unnið sannleikanum nema lítið sigur hjá því sem orðið hefði getað, hefðu þeir sem áttu ekki „ráðið svona heimskum her“.

En sumir af þessum ísalda-gosstöðum eru þau furðuverk náttúrunnar, að óvíða á jörðunni mun sjá slík, og má telja vist, að einhvern tíma muni margir, útlendir og innlendir, fara að skoða önnur eins rósaverk úr blágrýtissúlum, eins og sjást í Ketubjörgum eða Pórðarhöfða við Skagafjörð; og dálitið líkt því, en þó svipminna, hafði ég þá um sumarið fundið uppi í fjallgarðinum fyrir ofan Eyrarbotn. Hefir þar grafist ofan af allt eldvarpið, svo að komið er ofan á sjálfan grjótnaglann, sem varð í uppgönguauga eldleðjunnar, þegar allt kólnaði og storknadi eftir gosið. Má um þetta og fleira lesa í því yfirliti yfir jarðfræði Íslands, sem ég hefi samið fyrir hið mikla ritverk Handbuch der regionalen Geologie, 1910.¹⁾

1) Handbuch der regionalen Geologie, herausgegeben von Prof. Dr. G. Steinmann und Prof. Dr. O. Wilckens. Heidelberg IV. 1.: Island von Dr. Helgi Pjeturss; kostar sérstakt 1.20 Mk.